

Umsögn Hverfisráðs Laugardals um úttekt Innri endurskoðunar á þjónustumiðstöðvum og hverfisráðum frá 24. október 2016.

Samþykkt á fundi 19. desember 2016

Almennt:

Fyrst viljum við þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá okkur formlega um þessa skýrslu.

Við getum tekið undir margt sem kemur fram í skýrslunni og ýmislegt þar er ágætlega reifað og greint. En við teljum mikilvægt að unnið sé áfram með þessa úttekt og það tækifæri sem gefst í framhaldinu til að nýta hana til stefnumótandi ákvarðana varðandi breytingar á skipulagi, umfangi og tilgangi þjónustumiðstöðva og hverfisráða. Við söknum þess reyndar að ekki sé tekin afdráttarlausari afstaða til tillagna um úrbætur í niðurstöðum, og er sá hluti veikasti hlekkur úttektarinnar.

Það er skoðun okkar að óbreytt hlutverk, tilgangur og skipulag þjónustumiðstöðva og hverfisráða sé ekki valkostur í stöðunni og að brýn þörf sé á breytingum og úrbótum. Við tökum því heilshugar undir sjónarmið skýrsluhöfunda um að mikið ósamræmi sé á samþykktum hverfisráða og starfsemi þeirra. Einnig að það sé stjórnsýslulegt klúður að starfssemi hverfisráða hafi ekki verið formgerð sem hluti af stjórnsýslu borgarinnar. Einnig tökum við undir það hversu lítil tenging er í raun á milli hverfisráða og þjónustumiðstöðva, sem kemur til vegna þess að viðfangsefni hverfisráða tengjast ekki nema að litlum hluta starfssemi þjónustumiðstöðva, sem heyra undir Velferðarsvið en það gera hverfisráðin aftur á móti ekki.

Að því sögðu, teljum við að það eigi að velja róttækari leiðina sem sett er fram í samantekt skýrslunnar eða Valkost II sem er endurskoðun á núverandi stjórnkerfi.

Þjónustumiðstöðvar:

Að okkar mati kallar þessi skýrsla eftir frekari úttekt og skoðun á starfsemi þjónustumiðstöðva; við teljum okkur í það minnsta ekki fært að taka afdráttarlausu afstöðu til úrbóta sem byggjast á niðurstöðum þessarar skýrslu. Við álítum þó ljóst að það sé ekki valkostur að þjónustumiðstöðvagnar heyri áfram undir Velferðarsvið og því komi vel til greina að skoða frekar þá hugmynd sem sett er fram um sameiningu þeirra fagsviða borgarinnar sem koma að málefnum fjölskyldunnar. Verði það niðurstaðan, þá væri kominn annar og nýr grundvöllur til endurskoðunar hverfatengdra þjónustuveitinga í gegnum þjónustumiðstöðvar.

Við teljum einnig að nýleg stofnun rafrænnar þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, sem heyrir undir skrifstofu þjónustu og reksturs, gefi frekara tilefni til þess að endurskilgreina hlutverk og tilgang þjónustumiðstöðva. Til dæmis varðandi þá þjónstuveitingu sem þar á að eiga sér stað. Þar gæti líka skapast möguleiki á fækkun fýsískra snertiflata á þjónstuveitingum með aukningu á rafrænni skráningu, umsóknum og rafrænum samskiptum við notendur þjónustunnar. Við teljum að þar skapist líka tækifæri til þess að huga betur að jafnræði í þjónstuveitingu á milli hverfa.

Sú hugmynd að tengja hlutverk bókasafna við þjónustumiðstöðvar sem góðan samverustað fyrir borgarbúa er allrar athygli verð. Þar mætti veita ákveðna nærþjónustu og gefa upplýsingar um aðra þjónustu sem borgin veitir, til dæmis með tengingu við hina nýju rafrænu þjónustumiðstöð. Einnig mætti tengja þessar nýju hverfismiðstöðvar við stærri og færri einingar þjónustumiðstöðva sem hafa víðtækara hlutverk eða svokallaðar borgarhlutamiðstöðvar sem yrðu 4-5 talsins.

Hverfisráð:

Við erum sammála þeirri skoðun sem kemur fram í skýrslunni að hverfisráðin séu mikilvægur samráðsvettvangur íbúa við stjórnýslu Reykjavíkurbogar. Þess vegna teljum við mjög brýnt að halda áfram að þróa frekar hlutverk þeirra og tilgang með umfangsmiklum stjórnkerfisbreytingum. Núverandi fyrirkomulag er því ekki valkostur að okkar mati.

Með endurskoðun á núverandi stjórnkerfi þar sem t.d. 4-5 borgarhlutamiðstöðvar yrðu hornsteinn hverfatengdrar þjónustu skapast mikil tækifæri til breytinga á hverfisráðum. Við erum sammála um að samhliða þessari breytingu yrði hverfisráðum fækkað í sama fjölda og borgarhlutamiðstöðvar og nafni þeirra breytt í borgarhlutaráð.

Hvort sem að hinar nýju borgarhlutamiðstöðvar heyrðu undir nýtt fjölskyldusvið borgarinnar, skrifstofu þjónustu og reksturs eða einhver önnur svið, þá er mikilvægt að hverfisráðin séu tengd við stjórnýsluna með sama hætti og þær. Þannig yrðu hin nýju borgarhlutaráð hluti af stjórnýslunni og hefðu mikilvægu hlutverki að gegna í starfssemi borgarhlutamiðstöðvanna. Hlutverk borgarhlutaráða væri þá líkara því sem samþykktir hverfisráða segja til um í dag en virkar ekki í raun og veru, meðal annars varðandi frumkvæðisskyldu, ábyrgð á þjónustuveitingu og að vera virk í allri stefnumótun sem snýr að málefnum viðkomandi hverfa eða borgarhluta.

Við teljum afar mikilvægt að formgera sérstaklega hlutverk borgarhlutaráða sem snýr að málefnum Umhverfis- og skipulagsráðs, þar sem það er ýmsum vandkvæðum bundið að flytja verkefni með tilheyrandi valdaframsali út í hverfin eða borgarhluta. Þannig á það ekki að vera val einstakra embættismanna hvort mál sem til að mynda snúa að breytingum á skipulagi séu send til umsagnar borgarhlutaráða eða ekki. Því þarf að skrifa hlutverk og tilgang borgarhlutaráða inn í samþykktir borgarinnar um allt sem snýr að Umhverfis- og skipulagsráði.

Samsetningu fulltrúa í borgarhlutaráðum þarf svo að skoða í samræmi við fjölgun borgarfulltrúa á næsta kjörtímabili, en mikilvægt er að til þess að borgarhlutaráð verði virkari hluti af stjórnýslu borgarinnar þá endurspegli þau ráðandi meirihluta borgarstjórnar á hverjum tíma. Loks er mikilvægt að íbúar viðkomandi borgarhluta eigi fullgildan fulltrúa í borgarhlutaráði hvor sem það yrði í gegnum íbúasamtök eða með beinni kosningu samhliða borgarstjórnarkosningum.

Að lokum:

Hverfisráð Laugardals vill einnig leggja áherslu á að tryggja verði íbúum aðgang að húsnæði í hverfum sínum til að sinna fjölbreyttu félagsstarfi. Aukið lýðræði, félagsauður, nærsamfélag og valdefling ættu hér að vera lykilorð. Til þessa heyrir til að mynda aðstaða fyrir ýmis konar hópa, aðstaða fyrir námskeiðshald, aðstaða fyrir fjölskyldur (svo sem í fjölskyldumiðstöðin Pen Green, hverfismiðstöðvar í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og víðar), félagsheimilisaðstaða undir ýmis konar viðburði og loks fundaraðstaða fyrir færanleg teymi velferðarsviðs til að hitta umbjóðendur. Bókasöfn/menningarhús og félagsmiðstöðvar geta sinnt þessu hlutverki að einhverju leyti en ekki öllu. Því þyrfti að fara fram könnun á öðrum húsakosti í hverju hverfi og kanna hvað kæmi til greina sem lifandi og aðgengileg félagsaðstaða. Það er afstaða Hverfisráðs Laugardals að með tilkomu og eflingu rafrænnar þjónustumiðstöðvar minnki mjög þörf fyrir stórt húsnæði undir þá þjónustu sem hingað til hefur verið rekin í þjónustumiðstöðvum, en að sama skapi opnast möguleikar á að færa þjónustuna nær notandanum, bæði með rafrænum hætti og einnig í formi nýrrar nýtingar á húsnæði í hverjum hverfishluta og nálægt íbúum.

Því leggur Hverfisráð Laugardals til að samhliða þróunarvinnu sem nú fer í hönd í þessum málaflakki verði unnin ítarleg könnun á mögulegu húsnæði í hverju hverfi fyrir sig, ýmist í eigu borgarinnar eða ekki, sem nýta mætti undir ofangreinda starfsemi.

Að síðustu teljum við mikilvægt að um leið og stjórnkerfis- og lýðræðisráð hefur unnið samantekt úr athugasemdum um skýrsluna verði sett af stað aðgerðaráætlun og að niðurstaða um breytingar liggi fyrir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2018. Í slíkri aðgerðaráætlun verður einnig að leggja mat á kostnað og hagræðingu við svona umfangsmiklar skipulagsbreytingar.